

## REGLUGERÐ

### um starfsábyrgðartryggingar endurskoðenda.

#### 1. gr.

##### *Starfsábyrgðartrygging endurskoðenda.*

Endurskoðanda sem hefur löggildingu til endurskoðunarstarfa á grundvelli laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, er skyld að hafa í gildi fullnægjandi starfsábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum hans eða þeirra sem starfa á hans ábyrgð. Tryggingsarskyldan fellur niður ef endurskoðandi leggur inn löggildingu sína.

Starfsábyrgðartrygging skal tekin hjá vátryggingafélagi sem hefur heimild til að veita þjónustu hér á landi.

Vátryggingin skal taka til starfa endurskoðandans hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

#### 2. gr.

##### *Vátryggingarfjárhæðir.*

Endurskoðendaráð setur reglur um lágmarksfjárhæðir starfsábyrgðartryggingar.

#### 3. gr.

##### *Brottfall vátryggingar.*

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi vátryggingafélag tilkynna það vátryggingartaka og endurskoðendaráði þegar í stað. Gildistíma vátryggingarinnar lýkur ekki fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að vátryggingafélagið tilkynnti vátryggingartakanum og endurskoðendaráði með sannanlegum hætti um vátryggingarslit, nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið tekin.

#### 4. gr.

##### *Sameiginleg ábyrgð.*

Þar sem tveir eða fleiri endurskoðendur starfa saman hjá endurskoðunarfyrirtæki og bera óskipta bótaábyrgð á störfum hvors/hvers annars, geta þeir fullnaðt vátryggingaskyldu sinni með því að leggja fram sameiginlega vátryggingu enda komi nöfn þeirra beggja/allra fram í vátryggingaskjali. Skulu þá lágmarksfjárhæðir samkvæmt reglum endurskoðendaráðs um lágmarksfjárhæð starfsábyrgðartryggingar og hámark eigin áhættu hækka um a.m.k. 10% fyrir hvern endurskoðanda umfram einn.

#### 5. gr.

##### *Eigin áhætta.*

Heimilt er að áskilja eigin áhættu vátryggingartaka í vátryggingaskilmálum, en slikt má ekki skerða rétt þriðja manns til bóta úr hendi vátryggingafélags.

Endurskoðendaráð setur reglur um hámark eigin áhættu vátryggingartaka.

Tilhögun eigin áhættu skal getið í vátryggingaskilmálum. Um hana og tilgreiningu hennar fer að öðru leyti samkvæmt þeim reglum sem gilda um vátryggingarsamninga.

#### 6. gr.

##### *Tilkynningaskylda vátryggingafélags.*

Verði bótaskyt ljón, sem fellur undir ábyrgðartryggingu samkvæmt reglugerð þessari, ber endurskoðanda/endurskoðunarfyrirtæki að tilkynna um hið bótaskylda atvik og greiðslu vegna þess til endurskoðendaráðs.

#### 7. gr.

##### *Innlögn réttinda.*

Uppfylli endurskoðandi ekki skilyrði reglugerðar þessarar um ábyrgðartryggingu er honum skyld að leggja inn réttindi sín.

Nr. 1010

13. október 2020

8. gr.

*Kynning vátryggingaskilmála.*

Allir vátryggingaskilmálar sem reglugerð þessi tekur til skulu kynntir fyrir endurskoðendaráði áður en þeir eru boðnir endurskoðendum.

9. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 673/1997.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Vátrygging sem endurskoðandi hefur í gildi við gildistöku reglugerðar þessarar má halda gildi sínu til 31. desember 2020. Frá þeim degi skulu skilmálar vátrygginga endurskoðenda vera í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Skulu endurskoðendur afhenda endurskoðendaráði staðfestingu á því eigi síðar en 15. janúar 2021.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. október 2020.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Ingvi Már Pálsson.**

*Harpa Theodórsdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2020